




# Ársreikningur 2024

22. apríl 2025

# Samstæðureikningur

- Rekstrartekjur

- Rekstrartekjur samstæðu á árinu 2024 námu samtals kr. 13.034 m.kr. og aukast um 11,4% milli ára.
- Þar af hækkar útsvar og fasteignaskattar um rúmar 583 m.kr. eða sem nemur 8,5%.
- Framlög jöfnunarsjóðs hækka um tæpar 472 m.kr. (21%) og aðrar tekjur hækka um 280 m.kr. (10,8%).
- Meðaltekjuvöxtur kaupstaðarins á árunum 2017-2024 nemur 9,5% og er því tekjuvöxtur ársins (11,4%) yfir meðaltali síðustu ára.








# Samstæðureikningur

## • Rekstrargjöld

- Rekstrargjöld samstæðu á árinu 2024 námu samtals, að meðtöldum afskriftum, kr. 13.189 m.kr. og aukast um 10,8% milli ára.
- Þar af hækka launagjöld án lífeyrisskuldbindinga um 799 m.kr. eða sem nemur 10,6%.
- Lífeyrisskuldbinding lækkar um 176 m.kr. eða sem nemur 33,7% og annar rekstrarkostnaður hækkar um 628 m.kr. (18,3%). Afskriftir aukast um 39,5 m.kr. milli ára eða 10,1%.
- Rekstrargjöld, án afskrifta, aukast því um kr. 1.251 m.kr. milli ára en rekstrartekjur aukast á sama tíma um 1.334 m.kr. og eru því rekstrartekjur að aukast um 83 m.kr. umfram rekstrargjöld á tímabilinu.




# Samstæðureikningur

- Rekstrarafkoma

- Rekstrarafkoma fyrir óreglulega liði er neikvæð sem nemur 123 m.kr. á árinu 2024 en var jákvæð sem nam 117 m.kr. á árinu 2023.
- Á árunum 2021 til og með 2023 var rekstrarafkoma jákvæð, fyrir óreglulega liða, að meðaltali 89,7 m.kr.
- Talsverð sveifla hefur verið á hlutfalli rekstrarafkomu af rekstrartekjum síðustu ár en var það neikvætt um 1,6% fyrir árið 2022 yfir í að vera jákvætt um 1% á árinu 2023 yfir í að vera aftur neikvætt um 0,9% árið 2024. Á árunum 2021 til og með 2023 er hlutfallið að meðaltali 0,9%.

Þróun rekstrarafkomu fyrir óreglulega liði






# Samstæðureikningur

## • Rekstrarafkoma

- Rekstrarafkoma, að teknu tilliti til óreglulegra liða, er jákvæð sem nemur 4,5 m.kr. á árinu 2024.
- Óreglulegir liðir á árinu 2024 voru samtals tekjur að fjárhæð 127,4 m.kr. Er það tilkomið vegna gatnagerðartekna v. þéttingu byggðar sem námu 163 m.kr., og söluhagnaður eigna sem námu 86 m.kr. en á móti koma svo gjöld vegna niðurrifs eigna 178 m.kr. og gjaldfærð framlög v. fasteignatengdra liða 60 m.kr.
- Rekstrarafkoma, að teknu tilliti til óreglulegra liða, á árinu 2023 var jákvæð að fjárhæð 319 m.kr. en þar voru óreglulegir liðir 202 m.kr. tekjur.

Próun rekstrarafkomu






# Samstæðureikningur

## • Þróun efnahagsreiknings


- Heildareignir í árslok nema 24.677 m.kr. og hækka því um 4.326 m.kr. milli ára.
- Þar af aukast fastafjármunir um 2.780 m.kr. og skammtímafröfur hækka um 340 m.kr.
- Handbært fé hækkar um 143 m.kr.
- Skuldir og skuldbindingar samstæðu í árslok nema 14.724 m.kr. en þær hækka um 4.168 m.kr. milli ára.
  - Skuldir við lánastofnanir eru í árslok 5.405 m.kr. og hækka um 4.458 m.kr.
  - Lífeyrisskuldbinding nemur í árslok 4.669 m.kr. en hún hækkar um 110 m.kr. frá fyrra ári.
- Eigið fé í árslok nemur 9.953 m.kr. og er eiginfjárlutfall í árslok 40% og lækkar því um 8 % stig frá fyrra ári.





# Samstæðureikningur


- Þróun lífeyrisskuldbindingar
  - Lífeyrisskuldbinding nemur í árslok 4.668 m.kr. og hækkar um 110 m.kr. frá fyrra ári.
  - Á árinu 2024 var greitt inn á lífeyrisskuldbindingu 229 m.kr. eða 7 m.kr. minna en á árinu 2023.



# Samstæðureikningur

- Sjóðstreymi



- Handbært fé frá rekstri á árinu nemur -1.205 m.kr. og lækkar því um 1.862 m.kr. milli ára.
- Fjárfestingarhreyfingar tímabilsins nema tæpum 2.997 m.kr. og lækkar því um 310 m.kr. milli ára. Þar af nemur fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum 2.920 m.kr.
- Fjármögnunarhreyfingar tímabilsins nema 4.345 m.kr. Þar af námu afborganir langtímalána 202 m.kr. og greidd lífeyrisskuldbinding 229 m.kr.
- Handbært fé í árslok nemur 515 m.kr. en nam 372 m.kr. í árslok 2023.









# Veltufé frá rekstri






# Fjárfestingar A og B hluta





# Samstæðureikningur

- Lykiltölur
- Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga
  - Rekstrarjöfnuður lækkar frá fyrra ári. Hann er jákvæður og nemur 222 m.kr. í árslok 2024.
  - Samanlögð rekstrarafkoma síðustu þriggja ára fyrir óreglulega liði er neikvæð sem nemur samtals 123 m.kr. samanborið við jákvæða um 269 m.kr. í lok árs 2023.
  - Skuldaviðmið, þ.e. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B- hluta sem hlutfall af reglulegum tekjum fer hækkandi og nemur 67 % í árslok 2024 en hámarkið er 150%.






# Samstæðureikningur

- Lykiltölur

- Skuldahlutfall þ.e. skuldir sem hlutfall af rekstrartekjum hafa farið markvisst lækkandi frá árinu 2018 þegar það nam 87% ef fór aftur hækkandi árið 2022 í 72 % en hlutfallið stendur nú í 113% í árslok 2024.
- Eiginfjárlutfallið hefur að sama skapi farið hækkandi, frá því að standa í 53% í lok árs 2018 yfir í það að standa í 58% í árslok 2021 en lækkar lítillega árið 2022 í 56%, lækkar áfram og stendur í árslok 2024 í 40 %.

Þróun lykilstærða






# Samstæðureikningur

- Lykiltölur

- EBITDA framlegð hefur verið að minnka undanfarin ár en EBITDA framlegð nam 10,8 % árið 2018.
- EBITDA framlegð á árinu 2024 nemur 2,1% en á árinu 2023 nam framlegðin 1,7%.
- EBITDA framlegð á árunum 2018 til 2024 nam að meðaltali 3,7% og er því EBITDA framlegð ársins 2023 töluvert undir meðaltali áruna á undan.








# Samstæðureikningur

- Lykiltölur

- Veltufjórhlutfall, þ.e. veltufjórmunir sem hlutfall af skammtímaskuldum, nemur 1,0 í árslok 2024 hjá samstæðunni. Hlutfallið lækkaði verulega á árinu 2023 en hækkar aftur árið 2024.
- Veltufjórhlutfall sýnir sem fyrr hæfi samstæðunnar til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur næstu 12 mánuðum og ætti helst ekki að vera lægri en 1,0 til lengri tíma litið.

Þróun veltufjórhlutfalls






# A - hluti

## • Rekstrartekjur


- Útsvör og fasteignagjöld hækkuðu um 584 m.kr. frá árinu 2023 og eru 7.446 m.kr. á árinu 2024. Það 8,51% hækkun milli ára.
- Síðustu ár hefur dregið úr vexti á útsvari og fasteignasköttum milli ára en óvenju mikil hækkun var milli 2022-2023.
  - 2018-2019 : 6,14%
  - 2019-2020 : 4,08%
  - 2020-2021 : 10,16%
  - 2021-2022 : 8,6%
  - 2022-2023 : 12,9%
  - 2023-2024 : 8,51%
- Framlög Jöfnunarsjóðs hækkuðu talsvert frá árinu 2023. Framlögin námu 2.732 m.kr. á árinu 2024 og hækkuð því um 472 m.kr. milli ára eða um 20,87%.
- Aðrar tekjur hækka um 77 m.kr. frá árinu 2023 og eru 1.298 m.kr. á árinu 2024. Það er hækkun um 6,3%.





# A - hluti


- Laun og launatengd gjöld
  - Á árinu 2024 voru launagjöld utan lífeyrisskuldbindingar alls 6.980 m.kr. en lífeyrisskuldbinding nam 341 m.kr.
  - Hlutfall launa með lífeyrisskuldbindingu var 63,8% sem hlutfall af rekstrartekjum en hlutfall launa án lífeyrisskuldbindingar var 60,8%.
  - Launagjöld hækka um 650 m.kr. frá árinu 2023 eða um 10,3%. Launavísitala á árinu 2023 hefur hækkað um 9,1%.
  - Laun og launatengd gjöld hafa hækkað um 3.245 m.kr. frá árinu 2018 eða um 86,9%. Launavísitala frá 2018 hefur hækkað um 66,7%.






# A - hluti

- Annar rekstrarkostnaður
  - Á árinu 2024 var annar rekstrarkostnaður 3.900 m.kr. eða 34% hlutfall af rekstrartekjum.
  - Annar rekstrarkostnaður hækkar um 598 m.kr. frá árinu 2023 eða um 18,1%. Vísitala neysluverðs á árinu 2024 hefur hækkað um 4,9%.
  - Annar rekstrarkostnaður hefur hækkað um 2.152 m.kr. frá árinu 2018 eða um 123%.









Í þús. kr.

	2024		2023	
	Akraneskaupstaður samstæða	með samrekstrar- aðilum	Akraneskaupstaður samstæða	Samstæða með samrekstrar- aðilum
<b>Rekstrartekjur</b>				
Skatttekjur	10.178.737	10.175.690	9.106.613	9.104.077
Framlög eigenda				
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	1.298.406	3.416.032	2.593.068	4.489.766
	<b>11.477.143</b>	<b>13.591.722</b>	<b>11.699.681</b>	<b>13.593.843</b>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Laun og launatengd gjöld	7.321.391	7.838.420	8.070.473	8.551.178
Annar rekstrarkostnaður	3.900.358	4.812.976	3.435.428	4.249.802
Afskriftir	401.684	694.219	392.531	688.438
	<b>11.623.433</b>	<b>13.345.615</b>	<b>11.898.432</b>	<b>13.489.418</b>
<b>Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða</b>	- <b>146.290</b>	- <b>146.290</b>	- <b>198.751</b>	- <b>104.424</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>	44.986	- 381.822	315.820	- 350.877
<b>Aðrar tekjur og (gjöld)</b>	175.088	821.557	202.092	738.861
<b>Rekstrarniðurstaða, jákvæð (neikvæð)</b>	<b>73.784</b>	<b>685.841</b>	<b>319.161</b>	<b>429.408</b>

